AUGLÝSING

um erindisbréf forstöðumanna ríkisstofnana sem heyra undir menntamálaráðuneyti.

Með vísan til 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hefur menntamálaráðherra sett eftirtöldum forstöðumönnum ríkisstofnana sem undir menntamálaráðuneytið heyra, erindisbréf:

Þjóðleikhússtjóra, þjóðskjalaverði, þjóðminjaverði, útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, landsbókaverði, forstöðumanni Listasafns Einars Jónssonar, framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs Íslands, framkvæmdastjóra Íslenska dansflokksins, forstöðumanni Blindrabókasafns Íslands og forstöðumanni Íslenskrar málstöðvar.

Erindisbréfin birtast sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 1. desember 2000.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

Fylgiskjal.

ERINDISBRÉF
fyrir þjóðleikhússtjóra.

Þjóðleikhússtjóri er embættismaður, sbr. 13. tl. 1. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. laga nr. 150/1996. Hann er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi Þjóðleikhússins. Honum ber að framfylgja lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem um stofnunina gilda á hverjum tíma og stýra starfi hennar í samræmi við erindisbréf þetta.

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra sjónleikja. Jafnframt skal það standa að flutningi að óperum, söngleikjum og listdanssýningum. Eitt eða fleiri viðfangsefni á hverju leikári skulu sérstaklega ætluð börnum og á vegum leikhússins skulu árlega farnar leikferðir um landið.

Þjóðleikhússtjóri markar stefnu leikhússins í samráði við þjóðleikhúsráð. Hann ber stjórnunarábyrgð á daglegum rekstri, skipulagningu leiksýninga á vegum leikhússins og allri annarri starfsemi þess. Meiri háttar ákvarðanir skal hann bera undir þjóðleikhúsráð.

Þjóðleikhússtjóri ber ábyrgð á því að starfsemi og rekstur Þjóðleikhússins sé í samræmi við árangursstjórnunarsamninga sem leikhúsið gerir við menntamálaráðuneytið á hverjum tíma og kveða á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem Þjóðleikhúsinu hafa verið falin.

Þjóðleikhússtjóri ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstarafkoma Þjóðleikhússins sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir leikhússins séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann hefur umsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar vegna undirbúnings fjárlaga. Skal henni fylgja greinargerð um hvernig starfsmarkmiðum stofnunarinnar verði náð með hliðsjón af langtímaáætlun.

Þjóðleikhússtjóri ræður starfsfólk leikhússins, gerir við það ráðningarsamninga og hefur yfirumsjón með framkvæmd þeirra í samræmi við lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gildandi kjarasamninga.

Þjóðleikhússtjóri hefur yfirumsjón með húsakynnum Þjóðleikhússins og öllum eignum þess.

Um ábyrgð þjóðleikhússtjóra að öðru leyti en að framan greinir fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og með skírskotun til leiklistarlaga nr. 138/1998, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðuneytinu, 30. desember 1999.

ERINDISBRÉF
fyrir þjóðskjalavörð.

Þjóðskjalavörður er embættismaður, sbr. 13. tl. 1. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. laga nr. 150/1996. Hann er forstöðumaður Þjóðskjalasafns Íslands og ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi safnsins. Honum ber að framfylgja lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem um safnið gilda á hverjum tíma og stýra starfi þess í samræmi við erindisbréf þetta.

Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir.

Þjóðskjalavörður markar stefnu safnsins í samráði við stjórnarnefnd. Hann ber stjórnunarábyrgð á daglegum rekstri safnsins og allri starfsemi þess. Meiri háttar ákvarðanir skal hann bera undir stjórnarnefnd safnsins.

Þjóðskjalavörður ber ábyrgð á því að starfsemi og rekstur Þjóðskjalasafns Íslands sé í samræmi við árangursstjórnunarsamninga sem safnið gerir við menntamálaráðuneytið á hverjum tíma og kveða á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem safninu hafa verið falin.

Þjóðskjalavörður ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma Þjóðskjalasafns Íslands sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir safnsins séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann hefur umsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar vegna undirbúnings fjárlaga. Skal henni fylgja greinargerð um hvernig starfsmarkmiðum safnsins verði náð með hliðsjón af langtímaáætlun.

Þjóðskjalavörður ræður starfsfólk safnsins, gerir við það ráðningarsamninga og hefur yfirumsjón með framkvæmd þeirra í samræmi við lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gildandi kjarasamninga.

Þjóðskjalavörður hefur yfirumsjón með húsakynnum safnsins og öllum eignum þess.

Um ábyrgð þjóðskjalavarðar að öðru leyti en að framan greinir fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og með skírskotun til laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðuneytinu, 30. desember 1999.

ERINDISBRÉF
fyrir þjóðminjavörð.

Þjóðminjavörður er embættismaður, sbr. 13. tl. 1. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. laga nr. 150/1996. Hann er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi Þjóðminjasafns Íslands. Honum ber að framfylgja lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem um stofnunina gilda á hverjum tíma og stýra starfi hennar í samræmi við erindisbréf þetta.

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi.

Þjóðminjavörður markar stefnu Þjóðminjasafnsins í samráði við Þjóðminjaráð. Hann ber stjórnunarábyrgð á daglegum rekstri, skipulagningu sýninga á vegum safnsins og allri annarri starfsemi þess. Meiri háttar ákvarðanir skal hann bera undir þjóðminjaráð.

Þjóðminjavörður ber ábyrgð á því að starfsemi og rekstur Þjóðminjasafns Íslands sé í samræmi við árangursstjórnunarsamninga sem safnið gerir við menntamálaráðuneytið á hverjum tíma og kveða á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem bókasafninu hafa verið falin.

Þjóðminjavörður ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma Þjóðminjasafnsins sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir safnsins séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann hefur umsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar vegna undirbúnings fjárlaga. Skal henni fylgja greinargerð um hvernig starfsmarkmiðum stofnunarinnar verði náð með hliðsjón af langtímaáætlun.

Þjóðminjavörður ræður starfsfólk safnsins, gerir við það ráðningarsamninga og hefur yfirumsjón með framkvæmd þeirra í samræmi við lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gildandi kjarasamninga.

Þjóðminjavörður hefur yfirumsjón með húsakynnum Þjóðminjasafnsins og öllum eignum þess.

Um ábyrgð þjóðminjavarðar að öðru leyti en að framan greinir fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og með skírskotun til þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðuneytinu, 19. maí 2000.

ERINDISBRÉF
fyrir útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins.

Útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins er embættismaður, sbr. 13. tl. 1. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. laga nr. 150/1996. Hann er forstöðumaður Ríkisútvarpsins og er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Honum ber að framfylgja lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem um Ríkisútvarpið gilda á hverjum tíma og stýra starfi þess í samræmi við erindisbréf þetta.

Hlutverk Ríkisútvarpsins er að tryggja framboð og dreifingu á hvers konar vönduðu hljóðvarps- og sjónvarpsefni á sviði frétta, fræðslu, lista og afþreyingar og leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Útvarpsstjóri vinnur að mörkun stefnu Ríkisútvarpsins í samráði við útvarpsráð. Hann ber stjórnunarábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi stofnunarinnar.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á því að starfsemi og rekstur Ríkisútvarpsins sé í samræmi við árangursstjórnunarsamninga sem Ríkisútvarpið gerir við menntamálaráðuneytið á hverjum tíma og kveða á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem Ríkisútvarpinu hafa verið falin.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma Ríkisútvarpsins sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir þess séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann hefur umsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar vegna undirbúnings fjárlaga. Skal henni fylgja greinargerð um hvernig starfsmarkmiðum stofnunarinnar verði náð með hliðsjón af langtímaáætlun.

Útvarpsstjóri ræður starfsfólk Ríkisútvarpsins, aðra en framkvæmdastjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Útvarpsstjóri gerir við það ráðningarsamninga og hefur yfirumsjón með framkvæmd þeirra í samræmi við lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gildandi kjarasamninga.

Útvarpsstjóri hefur yfirumsjón með húsakynnum Ríkisútvarpsins og öllum eignum þess.

Um ábyrgð útvarpsstjóra að öðru leyti en að framan greinir fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og með skírskotun til útvarpslaga nr. 68/1985 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðuneytinu, 30. desember 1999.

ERINDISBRÉF
fyrir landsbókavörð.

Landsbókavörður er embættismaður sbr. 13. tl. 1. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. laga nr. 150/1996. Hann er forstöðumaður Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns og er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi bókasafnsins. Honum ber að framfylgja lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem um safnið gilda á hverjum tíma og stýra starfi þess í samræmi við erindisbréf þetta.

Meginhlutverk Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns er að annast söfnun og varðveislu hins skráða menningarefnis íslensku þjóðarinnar, afla alþjóðlegs ritakosts fyrir fræðasvið Háskóla Íslands og almennar þarfir og veita sem greiðastan aðgang að því efni sem safnið hefur yfir að ráða.

Landsbókavörður vinnur að mörkun stefnu bókasafnsins í samráði við stjórn þess. Hann ber stjórnunarábyrgð á daglegum rekstri og allri starfsemi bókasafnsins. Meiri háttar ákvarðanir skal hann bera undir stjórn bókasafnsins.

Landsbókavörður ber ábyrgð á því að starfsemi og rekstur Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns sé í samræmi við árangursstjórnunarsamninga sem bókasafnið gerir við menntamálaráðuneytið á hverjum tíma og kveða á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem bókasafninu hafa verið falin.

Landsbókavörður ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir bókasafnsins séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann hefur umsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar vegna undir-

búnings fjárlaga. Skal henni fylgja greinargerð um hvernig starfsmarkmiðum stofnunarinnar verði náð með hliðsjón af langtímaáætlun.

Landsbókavörður ræður starfsfólk bókasafnsins, gerir við það ráðningarsamninga og hefur yfirumsjón með framkvæmd þeirra í samræmi við lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gildandi kjarasamninga.

Landsbókavörður hefur yfirumsjón með húsakynnum bókasafnsins og öllum eignum þess.

Um ábyrgð landsbókavarðar að öðru leyti en að framan greinir fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og með skírskotun til laga um Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn nr. 71/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðuneytinu, 30. desember 1999.

ERINDISBRÉF
fyrir forstöðumann Listasafns Einars Jónssonar.

Forstöðumaður Listasafns Einars Jónssonar er embættismaður, sbr. 13. tl. 1. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. laga nr. 150/1996. Hann er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi Listasafns Einars Jónssonar. Honum ber að framfylgja lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem um stofnunina gilda á hverjum tíma og stýra starfi hennar í samræmi við erindisbréf þetta. Jafnframt skal hann virða arfleiðsluskrá Einars Jónssonar og Önnu eiginkonu hans, dags. 11. september 1954.

Hlutverk Listasafns Einars Jónssonar er að varðveita, sýna og rannsaka verk Einars Jónssonar, halda skrá um verk hans, heimildir um æviferil og fleira er tengist lífi og list listamannsins.

Forstöðumaður markar stefnu listasafnsins í samráði við stjórn þess. Hann ber stjórnunarábyrgð á daglegum rekstri, skipulagningu sýninga á vegum safnsins og annarri starfsemi þess. Meiri háttar ákvarðanir skal hann bera undir stjórn safnsins.

Forstöðumaður ber ábyrgð á því að starfsemi og rekstur Listasafns Einars Jónssonar sé í samræmi við árangursstjórnunarsamninga sem safnið gerir við menntamálaráðuneytið á hverjum tíma og kveða á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem safninu hafa verið falin.

Forstöðumaður ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma Listasafns Einars Jónssonar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir safnsins séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann hefur umsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar vegna undirbúnings fjárlaga. Skal henni fylgja greinargerð um hvernig starfsmarkmiðum stofnunarinnar verði náð með hliðsjón af langtímaáætlun.

Forstöðumaður ræður starfsfólk safnsins, gerir við það ráðningarsamninga og hefur yfirumsjón með framkvæmd þeirra í samræmi við lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gildandi kjarasamninga.

Forstöðumaður hefur yfirumsjón með húsakynnum safnsins og öllum eignum þess.

Um ábyrgð forstöðumanns að öðru leyti en að framan greinir fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og með skírskotun til arfleiðsluskrár Einars Jónssonar dagsett 11. september 1954, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðuneytinu, 17. maí 2000.

ERINDISBRÉF
fyrir framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs.

Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs Íslands er embættismaður, sbr. 13. tl. 1. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. laga nr. 150/1996. Hann er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi Kvikmyndasjóðs Íslands. Honum ber að framfylgja lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem um stofnunina gilda á hverjum tíma og stýra starfi hennar í samræmi við erindisbréf þetta.

Hlutverk Kvikmyndasjóðs Íslands er að efla íslenska kvikmyndagerð, stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum, innanlands og utan, annast málefni Kvikmyndasafns Íslands og eiga samskipti við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála.

Framkvæmdastjóri vinnur að mörkun stefnu fyrir Kvikmyndasjóð Íslands í samráði við stjórn sjóðsins. Hann ber stjórnunarábyrgð á daglegum rekstri sjóðsins og allri starfsemi hans. Meiri háttar ákvarðanir skal hann bera undir stjórn Kvikmyndasjóðs.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að starfsemi og rekstur Kvikmyndasjóðs Íslands sé í samræmi við árangursstjórnunarsamninga sem sjóðurinn gerir við menntamálaráðuneytið á hverjum tíma og kveða á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem Kvikmyndasjóði hafa verið falin.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma Kvikmyndasjóðs sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir sjóðsins séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann hefur umsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar vegna undirbúnings fjárlaga. Skal henni fylgja greinargerð um hvernig starfsmarkmiðum stofnunarinnar verði náð með hliðsjón af langtímaáætlun.

Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk sjóðsins, gerir við það ráðningarsamninga og hefur yfirumsjón með framkvæmd þeirra í samræmi við lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gildandi kjarasamninga.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með húsakynnum Kvikmyndasjóðs og öllum eignum hans.

Um ábyrgð framkvæmdastjóra að öðru leyti en að framan greinir fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og með skírskotun til laga nr. 94/1984 um kvikmyndamál með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðuneytinu, 30. desember 1999.

ERINDISBRÉF
fyrir framkvæmdastjóra Íslenska dansflokksins.

Framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins er embættismaður, sbr. 13. tl. 1. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. laga nr. 150/1996. Hann er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi Íslenska dansflokksins. Honum ber að framfylgja lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem um stofnunina gilda á hverjum tíma og stýra starfi hennar í samræmi við erindisbréf þetta.

Hlutverk Íslenska dansflokksins er að sýna listdans og stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og vera að öðru leyti vettvangur til eflingar og framþróunar danslistar á Íslandi.

Framkvæmdastjóri vinnur að mörkun stefnu fyrir Íslenska dansflokkinn í samráði við stjórn dansflokksins og listdansstjóra. Hann ber stjórnunarábyrgð á daglegum rekstri, skipulagningu sýninga á vegum dansflokksins og allri annarri starfsemi hans. Meiri háttar ákvarðanir skal hann bera undir stjórn Íslenska dansflokksins.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að starfsemi og rekstur Íslenska dansflokksins sé í samræmi við árangursstjórnunarsamninga sem dansflokkurinn gerir við menntamálaráðuneytið á hverjum tíma og kveða á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem Íslenska dansflokknum hafa verið falin.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma Íslenska dansflokksins sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir dansflokksins séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann hefur umsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar vegna undirbúnings fjárlaga. Skal henni fylgja greinargerð um hvernig starfsmarkmiðum stofnunarinnar verði náð með hliðsjón af langtímaáætlun.

Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk Íslenska dansflokksins, gerir við það ráðningarsamninga og hefur yfirumsjón með framkvæmd þeirra í samræmi við lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gildandi kjarasamninga. Um ráðningu listdansstjóra er framkvæmdastjóri bundinn af ákvörðun stjórnar dansflokksins um hver skuli ráðinn. Varðandi ákvörðun um hverjir skuli ráðnir dansmeistarar, listdansarar, danshöfundar, tónskáld, stjórnendur, þjálfarar og undirleikarar er framkvæmdastjóri bundinn af tillögu listdansstjóra um hverjir skuli ráðnir.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með húsakynnum Íslenska dansflokksins og öllum eignum hans.

Um ábyrgð framkvæmdastjóra að öðru leyti en að framan greinir fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og með skírskotun til reglna nr. 878/1999 um starfsemi Íslenska dansflokksins, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðuneytinu, 30. desember 1999.

ERINDISBRÉF
fyrir forstöðumann Blindrabókasafns.

Forstöðumaður Blindrabókasafns Íslands er embættismaður, sbr. 13. tl. 1. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. laga nr. 150/1996. Hann er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi Blindrabókasafns Íslands. Honum ber að framfylgja lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem um stofnunina gilda á hverjum tíma og stýra starfi hennar í samræmi við erindisbréf þetta.

Hlutverk Blindrabókasafns Íslands er að sjá blindum, sjónskertum og öðrum þeim, sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir alhliða bókasafnsþjónustu.

Forstöðumaður markar stefnu bókasafnsins í samráði við stjórn þess. Hann ber stjórnunarábyrgð á daglegum rekstri, skipulagningu útgáfu á vegum bókasafnsins og allri annarri starfsemi þess. Meiri háttar ákvarðanir skal hann bera undir stjórn bókasafnsins.

Forstöðumaður ber ábyrgð á því að starfsemi og rekstur Blindrabókasafns Íslands sé í samræmi við árangursstjórnunarsamninga sem safnið gerir við menntamálaráðuneytið á hverjum tíma og kveða á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem bókasafninu hafa verið falin.

Forstöðumaður ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma Blindrabókasafnsins sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir safnsins séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann hefur umsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar vegna undirbúnings fjárlaga. Skal henni fylgja greinargerð um hvernig starfsmarkmiðum stofnunarinnar verði náð með hliðsjón af langtímaáætlun.

Forstöðumaður ræður starfsfólk safnsins, gerir við það ráðningarsamninga og hefur yfirumsjón með framkvæmd þeirra í samræmi við lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gildandi kjarasamninga.

Forstöðumaður hefur yfirumsjón með húsakynnum bókasafnsins og öllum eignum þess.

Um ábyrgð forstöðumanns að öðru leyti en að framan greinir fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og með skírskotun til laga nr. 35/1982 um Blindrabókasafn Íslands, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðuneytinu, 30. desember 1999.

ERINDISBRÉF
fyrir forstöðumann Íslenskrar málstöðvar.

Forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar er embættismaður, sbr. 13. tl. 1. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. laga nr. 150/1996. Hann er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi Íslenskrar málstöðvar.

Íslensk málnefnd er málræktar- og málverndarstofnun, sbr. lög nr. 2/1990 um Íslenska málnefnd, með síðari breytingum. Meginhlutverk Íslenskrar málnefndar er að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um Íslenska málnefnd. Skrifstofa Íslenskrar málnefndar ber heitið Íslensk málstöð og er miðstöð þeirrar starfsemi sem málnefndin hefur með höndum.

Forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar ræður annað starfsfólk málstöðvarinnar, gerir við það ráðningarsamninga og hefur yfirumsjón með framkvæmd þeirra í samræmi við lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og gildandi kjarasamninga. Jafnframt stjórnar forstöðumaðurinn daglegum rekstri málstöðvarinnar og gefur ráðherra árlega skýrslu um starfsemi hennar. Honum ber að framfylgja lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem um málstöðina gilda á hverjum tíma og stýra starfi hennar í samræmi við erindisbréf þetta.

Forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar ber ábyrgð á því að starfsemi og rekstur hennar sé í samræmi við árangursstjórnunarsamninga sem gerðir eru við menntamálaráðuneytið á

hverjum tíma og kveða á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirrar starfsemi sem málstöðin hefur með höndum.

Forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma hennar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir hennar séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann hefur umsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar vegna undirbúnings fjárlaga. Skal henni fylgja greinargerð um hvernig starfsmarkmiðum málstöðvarinnar verði náð með hliðsjón af langtímaáætlun.

Forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar hefur yfirumsjón með húsakynnum og öllum eignum hennar.

Um ábyrgð forstöðumanns Íslenskrar málstöðvar, að öðru leyti en að framan greinir, fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og með skírskotun til laga nr. 2/1990 um Íslenska málnefnd, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðuneytinu, 18. október 2000.

Nr. 906 5. desember 2000

REGLUGERÐ

um holræsagjald í Reykjavík.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, sem liggja við götur eða opin svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, skal greiða árlegt holræsagjald til borgarsjóðs Reykjavíkur.

2. gr.

Upphæð holræsagjalds skv. 1. gr. skal vera 0,15% af fasteignamati allra húsa og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

3. gr.

Heimilt er að lækka eða fella niður holræsagjald, sem tekjulitlum elli- eða örorkulífeyrisþegum er gert að greiða skv. reglugerð þessari, í samræmi við nánari ákvörðun þar um.

4. gr.

Holræsagjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal það innheimt með sama hætti og fasteignaskattar.

5. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- eða íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má innheimta með aðför í hinni gjaldskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.